

Fundargerð 11. stjórnarfundar starfstímabilið 2010-2012

Fundurinn var haldinn miðvikudaginn 9. desember í Íþróttamiðstöðinni Laugardal og hófst kl. 17:05.

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Benóný Jónsson, Hannes Strange, Sigurður Ingvarsson, Birgir Guðjónsson. Jónas Egilsson framkvæmdastjóri sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerðir 10. fundar lögð fram og samþykkt.
2. Móta- og málefnaþing 21. nóvember sl.
 - 2.1. Mótaskrá 2011. Drög eftir umræður á þinginu lögð fram. Ákv. að senda út til sambandsaðila og kynna. Framkvæmdastjóra falið að ræða við fyrirhugaðan mótshaldara MÍ 11-14 ára utanhúss um framkvæmdina í sumar.
 - 2.2. Nýtt fræðsluferfi fyrir dómara. Eftirfarandi var samþykkt:
 - Birgir Guðjónsson hafi frumkvæði að því að fá mat hjá IAAF á núverandi fræðsluferfi.
 - Starfsnefnd FRÍ um fræðsluferfi dómara verði falið að undirbúa fræðsluefni fyrir 1-3 stig. Þeirri vinnu verði lokið fyrir lok mars nk.
 - 2.3. Nýtt aldursflokakerfi fyrir unglinga. Eftirfarandi var samþykkt:
 - Stjórn FRÍ samþykkir tillögur þingkjörinnar nefndar um breytta aldursflokaskipan, sem taki gildi 1. jan. nk. Jafnframt verði keppt með þeim áhöldum sem lagt er til í greinargerð með skýrslu nefndarinnar og að bil milli grinda og hæðir verði eins og tilgreint er í greinargerðinni.
 - Skipting aldursflokka á MÍ barna og unglinga verði óbreytt, þ.e. MÍ 11-14 ára og MÍ 15-22 ára.
 - Nöfn aldursflokka verði Piltar og Stúlkur.
 - FRÍ haldi skrá yfir Landsmet í flokkum 14 ára, 15 ára, 16-17 ára, 18-19 ára og 20-22 ára. Íslandsmet verði framvegis aðeins skráð í karla og kvennaflokkum, skv. gildandi reglugerð um skráningu Íslandsmeta.
 - Keppni í fjölþrautum barna 15 ára og yngri verði tekin upp þegar stigatöflur þessa aldursflokka liggja fyrir.
 - Laganefnd verði falið að vinna nýja reglugerð um Meistaramót Íslands í samræmi ofangreindrar breytingar.
 - 2.4. Staða frjálsíþróttar – leiðir til framfara. Formaður ræddi málið og greindi frá umræðu á Móta- og málefnaþinginu. Hann ræddi einnig mögulegar leiðir til að auka tekjur sambandsins til að mæta kostnaði við rekstur landsliðs og afreksstefnu. Umræður. Málið skoðað og til greina kemur að kalla saman aukáþing í vor til ákvarðana í þessu máli.
3. Fjármál.
 - 3.1. Gjaldkeri og framkvæmdastjóri ræddu stöðu sambandsins m.v. 10 mánaða bráðabirgðauppgjör.
 - 3.2. Starfsmannamál – tekið fyrir í lok fundar, sjá bókun.
 - 3.3. Framkvæmdastjóri og gjaldkeri gerðu grein fyrir viðræðum við RUV, IMG World vegna útsendinga á Demantamótum og innlendum viðburðum sumarið 2011 og næstu ár. Einnig var greint frá því að rætt hefði verið nokkur önnur fyrirtæki vegna samstarfs á komandi ári.
 - 3.4. Fjáröflunarsamkoma og útgáfa á frjálsíþróttablaði. Formaður greindi frá stöðu og framgangi mála.

4. Evrópubíkar 2011. Formaður greindi frá niðurstöðum heimsóknar tveggja fulltrúa EAA í lok síðasta mánaðar og frá viðræðum við fulltrúa Reykjavíkurborgar í kjölfarið vegna nauðsynlegra endurbóta á Laugardalsvelli. Niðurstöður voru jákvæðar gagnvart öllum öðrum atriðum, að frátöldu ástandi vallarins.
5. Íþrótt- og afreksmál.
 - 5.1. Útnefning frjálsíþróttakarls og frjálsíþróttakonu ársins: Lögð fram tillaga Íþrótt- og afreksnefndar um Óðin Björn Þorsteinsson og Ásdísi Hjálmsdóttur, en þau eru stigahæst einstaklinga á árinu í karla- og kvennaflokki.
 - 5.2. Unnur greindi frá umsóknum í Afrekssjóð vegna A, B og C styrkja og vegna ungra og efnilegra.
 - 5.3. Umsókn frá Robert Wagner um að heimild til að gegna umboðsmennsku fyrir Ásdísi Hjálmsdóttur á árinu 2011, skv. reglum IAAF. Samþykkt.
 - 5.4. Félagaskipti: Bjarki Eypórsson, Siguður Kári Árnason, Franz Jónas Arnar Arnarson hafa allir lagt fram yfirlýsingu um félagaskipti úr Umf. Aftureldingu (UMSK) yfir í ÍR (ÍBR). Umsóknir uppfylla öll skilyrði og öðlast þeir keppnisrétt með nýju félagi 1. janúar nk.
 - 5.5. Umsókn um Evrópubíkar í fjölþrautum 2012 eða 2013. Framkvæmdastjóri greindi frá því að sótt hefði verið um Evrópubíkarkeppni í fjölþrautum árið 2012, ef keppnin fer fram það árið. Annars fyrir 2013. Þetta er í samræmi við stefnu sambandsins um aukna þátttöku í alþjóðlegu mótahaldi hér á landi.
 - 5.6. Beiðni um úttekt á Vilhjálmsvelli. Lögð fram beiðni Hreins Halldórssonar forstöðumanns íþróttamannvirkja á Egilsstöðum um úttekt á Vilhjálmsvelli vegna Unglingalandsmóts 2011. Samþykkt að vísa málinu til Mannvirkjanefndar sambandsins.
6. Önnur mál.
 - 6.1. EAA CEO Conference, 27. og 28. nóv. sl. Formaður sótti ráðstefnuna í boði EAA og gerði grein fyrir helstu niðurstöðum hennar.
 - 6.2. EAA Event Presentation Management Seminar, 12. og 13. nóv. sl. Formaður greindi frá því að þau Bergrós Arna Jóhannesdóttir og Sigurjón Þorsteinsson hefðu sótt ráðstefnuna af hálfu FRÍ. Hann sagði markmiðið að bæta almenna upplýsingagjöf, þ. á m. kynningu á keppendum og úrslitum, á mótum héraendis og þátttaka þeirra væri liður í því.
 - 6.3. Heimsókn fulltrúa EAA, 28. jan. nk. Bill Glad framkvæmdastjóri samskiptasviðs EAA kemur í heimsókn til Íslands í lok janúar nk. Formaður og framkvæmdastjóri undirbúa og skipuleggja heimsóknina.
 - 6.4. Skipun fulltrúa í Íþrótt- og afreksnefnd: Staðfest skipun Egils Eirssonar í nefndina í stað Sigurbjörns Á. Arngrímssonar, sem baðst undan frekari störfum í nefndinni, sökum annríkis.
 - 6.5. Lagt fram ritið „HSK í 100“ eftir Jón Ívarsson. Benóný sagði frá útgáfu bókarinnar.
7. Næsti fundur. Formanni falið að ákveða næsta fund sem yrði meira umræðu- og stefnumótunarfundur.

Unnur Sigurðardóttir vék af fundi.

Dagskrárlíður 3.2. Fyrir liggur staðfesting frá Vinnumálastofnun á styrk til FRÍ vegna starfsmanns í hálfvart starf. Fyrirliggjandi samningsdrög við Unni Sigurðardóttur vegna undirbúnings fyrir Evrópubíkar o.fl. tengd verkefni og FRÍ greiði hálfu stöðu á móti framlagi Vmst. Samþykkt að Unnur víki úr stjórn á meðan hún gengur launuðu starfi í þágu sambandsins. Aðalbjörg Hafsteinsdóttir fyrsti varamaður tekur sæti í stjórn sambandsins í forföllum Unnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:40.

Jónas Egilsson.